

Útflutningur vegna móttöku umframmjólkur á verðlagsárinu 2023

Samkvæmt 29. og 52. grein búvörulaga nr. 99/1993 skal mjólk sem er framleidd umfram greiðslumark hvers árs fara á erlendan markað á ábyrgð hvers framleiðanda og viðkomandi afurðastöðvar. Samkvæmt 52. gr. búvörulaga getur Framkvæmdanefnd búvörusamninga þó heimilað sölu vara sem framleiddar eru úr mjólk utan greiðslumarks innanlands, ef heildarframleiðsla verður minni en sala og birgðastaða gefa tilefni til.

Samkvæmt uppgjöri frá Matvælaráðuneytinu 29. janúar 2024 var móttækin umframmjólk árið 2023 samtals 151.512.332 lítrar, en notað greiðslumark ársins var skráð 149.000.000 lítrar.

Aðildarfélag SAM tóku á móti 151.423.108 lítrum, þar meðtalinni allri mjólk sem framleidd var umfram heildar greiðslumark, samtals 2.512.331 lítrum. Við athugun á nýtingu greiðslumarks kom í ljós að greiðslumark sem nam 89.225 lítrum var nýtt af öðrum en afurðastöðvum sem eiga aðild að Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði. Opinber skýring liggur ekki fyrir en á liðnum árum hefur misræmið skýrst af skráðri notkun í mjólkurvinnslu undir hugtakinu „heimavinnslu.“

Aðildarfélag SAM fluttu út samtals 2.646 tonn af mjólkurafurðum árið 2023. Sundurliðun útflutnings og umreikningur í mjólk á grunni fitu- og próteininnihalds er í eftirfarandi töflu:

Útflutningur aðildarfélaga SAM árið 2023

Vöruflokkur	Kíló	Umreiknað í lítra mjólkur miðað við	
		fitu (lítrar)	prótein (lítrar)
Skyr	1.384.153	373.937	4.159.792
Sýrðar vörur	9.382	272	22.656
Smjör	22.215	471.669	33.656
Ostar	860.395	162.363	12.322.177
Undanrennuduft	370.000	56.610	4.501.050
Samtals:	2.646.145	1.064.851	21.039.072

Umreiknað á lítra miðað við próteingrunn var útflutningur mjólkurafurða á vegum aðildarfélaga SAM árið 2023 um 18,5 milljónum lítra meiri en umframmjólk. Lagaskyldu um útflutning umframmjólkur er því fullnægt hvað varðar próteinhluta umframmjólkur.

Í lok árs 2022 var búið að flytja út meira af fitu en sem nam eftirstöðvum af fituhluta umframmjólkur ársins 2021. Þegar mjólkuruppgjör vegna ársins 2022 lá fyrir 27. janúar 2023 kom í ljós að umframmjólk ársins 2022 var 1.531.382 lítrar og hækkaði útflutningsskylda sem því nam og var 1.272.048 lítrar miðað við lok janúar 2023 (sem svarar til um 59 tonna af smjöri).

Frá febrúar fram til loka desember 2023 voru fluttar út mjólkurafurðir sem svöruðu til 1.039.451 lítra af mjólk á fitugrunni. Í árslok 2023 átti þess vegna eftir að flytja út mjólkurafurðir sem svöruðu til 232.597 lítrum af umframmjólk, eða sem samsvarar um 11 tonnum af smjöri.

Þegar mjólkuruppgjör vegna ársins 2023 lá fyrir 31. janúar 2024 kom í ljós að umframmjólk ársins 2023 var 2.512.331 lítrar og jókst útflutningsskylda sem því nam eða í samtals 2.744.928 lítra miðað við árslok 2023 (sem svarar til um 129 tonna af smjöri).